

Ég undirritaður andmæli áformum um aukna álagningu veggjalda, svo sem í formi vegtolla. Ástæða viðkomandi ákvörðunar er eftirfarandi:

Bifreiðaeigendur hafa greitt til þjóðvegakerfisins gríðalegar upphæðir sem stjórnvöld hafa svikist um að leggja að fullu til þjóðvegakerfisins. Til vegaframkvæmda nú er áætlaður kostnaður 29,1 miljarðar, en áætluð innhemta í formi núverandi gjalda eru 80 miljarðar. Áætluð hækkun frá síðasta ári er 4,6 miljarðar.

Í gegnum árin hefur FÍB margsinis bent á að vegna viðhaldsskorts er þjóðvegakerfið óviðunandi, þrátt fyrir það þá hafa stjórnvöld ekki tekið á þessu máli með þeirri alvöru og ábyrgð sem þegar landsins eiga heimtingu á.

Samkvæmt samantekt hjá FÍB þá hefur umferð á þjóðvegum landsins síðustu 5 ár aukist um 40 %, umferðaróhöpp kosta þjóðfélagið um 50 miljarða á ári, FÍB hefur einnig bent á að við bætt vegakerfi þá má reikna með að við hverja krónu sem lögð er til vega öryggis, þá skila sér til baka 2 til 4 krónur í formi fækkunar á slysum, þrátt fyrir það þá er áætlaður kostnaður til vegaframkvæmda nú, ekki meiri en 29,1 miljarður.

Þegar þjóðvegakerfið þarfnast sáran aðhlyningar til að fækka slysum og bæta þjónustu, þá er það sárt að horfa upp á það þegar það fé sem innheimt er til vegaframkvæmda er notað í aðra málaflokka, og eða sólundað í botnlausar framkvæmdir eins og Landeyjarhöfn. Því miður þá er eins og stjórnvöld séu ekki annt um þegna landsins og láti pólitíkina heldur ráða för. Áform um vegtolla er eins og blaut tuska í andlit almennings og að mér virðist, vera byggð á pólitískum toga frekar en góðri skynsemi.

Er t.d til Áhættugreining varðandi þessi áform, þar sem fram kemur hvaða áhrif kemur þetta til meða að hafa á kostnaðarútgjöld, heilsufar, atvinnu og frístundir heimilanna á Reykjavíkursvæðinu og á Suðurnesjum?

Kæru ráðamenn þjóðarinnar opnið augun fyrir alvarleika málsins og notið allt það fjármagn sem bifreiðareigendur borga til þjóðvegakerfisins, til þjóðvegakerfisins.

Samkvæmt EuroRAP 2018 þá eru 40,9 % af úttektu vegakerfi sem fær eina stjörnu, 34 % fær 2 stjörnur, 22,4 % fær 3 stjörnur og einungis 2,7 % fær 4 stjörnur. Samt eru EuroRAP af mínu áliti sem vegahönnuður, ekki flullnaðar úttekt því þarna er ekki tekið tillit til atriða svo sem einbreiðra brúa, veghalla í beygjum með tillit til hámarkshraða og breidd á vegöxl, með tillit til þess að vegakerfið eru samnýtt vélknúnum ökutækjum og hjólreiðum.

Bestu kveðjur

Sigurður Sigurðsson

Kt: 250363-7969.